

Nefndasvið Alþingis
b/t Utanríkismálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/436
komudagur 4.12.2009

Reykjanesbæ 3. desember 2009

Umsögn: Frumvarp til laga um Íslandsstofu 158. mál á 138. löggjafarþingi.

Stjórn Markaðsstofu Suðurnesja styður stofnun Íslandsstofu og þær tilraunir sem verið er að gera til að sameina og samþætta starf mikilvægra aðila í ferðaþjónustunni til að nýta þekkingu og fjármagn á sem hagkvæmastan hátt.

Markaðsstarf ferðaþjónustunnar erlendis sbr. 2. gr.


Stjórn Markaðsstofu Suðurnesja vill láta í ljós efasemdir um þann ásetning að markaðsstarf Ferðamálastofu erlendis flytjist í sendiráð Íslands. Stjórnin gerir sér fulla grein fyrir því að innan sendiráðanna er mikið af hæfu fólki sem getur sinnt þessum þætti vel. Það er hinsvegar umgjörðin sem veldur áhyggjum en öryggiskröfur sendiráðanna gera ekki ráð fyrir því að fólk geti gengið út og inn í byggingar þeirra á eðlilegan hátt. Stjórnin fer fram á að utanríkismálanefnd skoði þennan þátt.

Skipan í stjórn Íslandsstofu sbr. 3. gr.

Stjórn Markaðsstofunnar vill gera þá breytingu á 3. gr. frumvarpsins að Ferðamálasamtök Íslands skipi 2 fulltrúa í stjórn Íslandsstofu. Bent skal á í þessu sambandi að Ferðamálasamtök Íslands skipa tvo fulltrúa í Ferðamálaráð.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Markaðsstofu Suðurnesja



Kristján Pálsson framkvæmdastjóri